

Ed.

936. Frumvarp til laga

[502. mál]

um breytingu á lögum nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, sbr. lög nr. 69 18. maí 1982, um breytingu á þeim lögum.

Flm.: Egill Jónsson, Davíð Aðalsteinsson, Helgi Seljan,
Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Við 2. gr. laganna (sbr. l. nr. 69/1982) bætast þrjár nýjar málsg. er orðist svo: Þá skal skipaður sérstakur dýralæknir fisksjúkdóma. Dýralæknirinn skal hafa aflað sér sérmenntunar á sviði fisksjúkdóma og hafa réttindi og skyldur héraðsdýralækna. Hann skal sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti á sviði fisksjúkdóma og hafa starfsaðstöðu við fisksjúkdómadeild Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralæknis eða þegar sérstakt annríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum.

Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skulu að jafnaði starfa að minnsta kosti tveir dýralæknar sem aflað hafa sér sérþekkingar að loknu dýralæknisprófi.

2. gr.

1. málsg. 5. gr. laganna orðist svo:

Forseti skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir á þessu þingi var flutt tillaga til þingsályktunar um varnir gegn fisksjúkdómum í fiskeldisstöðvum og vötnum, þskj. 449.

Sú tillaga var samþykkt 9. maí s. l. með breyttu orðalagi og hljóðar svo:

”Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að fisksjúkdómarannsóknir og varnir gegn fisksjúkdómum í fiskeldisstöðvum og veiðivötnum verði eflaðar, m. a. með því að gera það mögulegt að ráðið verði hæft starfsfólk í þessu skyni.“

Með tillögunni fylgir eftirfarandi greinargerð:

„Aðstaða til fiskiræktar á Íslandi er talin vera mjög góð frá náttúrunnar hendi. Flest bendir til þess að í fiskiræktinni séu miklir framtíðarmöguleikar fólgnir og geti hún orðið styrk stöð í efnahagslífi okkar Íslendinga innan fárra ára.

Fiskirækt er viðkvæm og vandasöm atvinnugrein sem krefst bæði vísindalegrar þekkingar og reynslu. Þar sem fisksjúkdómar gerast nú æ ágengari er brýn nauðsyn á að hafa kerfisbundið eftirlit með fiskeldisstöðvum í landinu og fyrirbyggja að sýktum fiskum sé dreift milli stöðva og út í hina villtu náttúru landsins. Öllum ætti að vera það ljóst að slík slys geta verið með öllu óbætanleg. Það er því ótrúlega mikið undir því komið að fisksjúkdómar finnist á byrjunarstigi, svo að takast megi að einangra þá og eyða þeim áður en stórtjón hlýst af.“

Síðan tillagan var flutt hafa gerst á sviði fiskeldis- og fisksjúkdóma atburðir sem tafarlaust verður að gefa gaum. Síðustu mánuðina hefur berlega komið í ljós hversu sjúkdómar í fiskum geta leikið einstakar eldisstöðvar grátt, jafnframt því að stefna ótöldum öðrum stöðvum í hættu. Ef fiskeldi hér á landi á að þróast með eðlilegum hætti er

nauðsynlegt að taka fisksjúkdómamál föstum tókum til þess að hindra að hér komi upp áður óþekktir sjúkdómar og halda í skefjum þeim sem þegar eru til staðar.

Til þess að þetta megi takast þarf að halda uppi öflugu eftirliti, greiningar-, varnar- og rannsóknarstarfi. Með frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði sérstök staða dýralæknis með sérþekkingu á fisksjúkdómum og með því stefnt að auknu eftirliti og greiningarstarfi í fiskeldisstöðvunum er tengist þeirri rannsóknar- og sjúkdómavarnarstarfsemi sem þegar er fyrir hendi. Með frumvarpinu er og ætlað að styrkja það starf á þessu sviði sem farið hefur fram innan héraðsdýralæknakerfisins og tengja það rannsóknarstarfinu sem farið hefur fram á Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum.

Fisksjúkdómadýralæknir á að vera aðili sem eldisstöðvar geta leitað til, og vera héraðsdýralæknum til ráðuneytis um mál sem tengjast fisksjúkdómum, jafnframt því að hafa forgöngu um samræmdar aðgerðir í samráði við fisksjúkdómanefnd. Undir stjórn yfirdýralæknis á dýralæknir fisksjúkdóma að sjá um framkvæmd eftirlits- og varnaraðgerða.

Í svo víðfeðmu landi er nauðsynlegt á frumstigi íslensks fiskeldis að nýta héraðsdýralæknakerfið í fisksjúkdómamálum. Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja að innan þess kerfis starfi aðili sem hefur menntun og aðstöðu til þess að það megi nýtast til fulls.

Þá eru í þessu frumvarpi einnig ákvæði um dýralækni án fastrar búsetu, svo og dýralækna sem starfa við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum.

Þegar lög nr. 77 1. október 1981 voru samþykkt féll niður úr dýralæknalögunum ákvæði um dýralækni án fastrar búsetu, svo og dýralækna þá sem starfa við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Á fjárlögum hafa engu síður verið fjárveitingar til þessara starfa, enda ekki áformað að þau féllu niður. Það er því eðlilegt að ákvæði séu í frumvarpinu því til staðfestingar.